

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 22. október 2020

Mál nr. E-6882/2019:

**A**

(Sara Pálsdóttir lögmaður)

**gegn**

**B**

(Sigrún Ingibjörg Gísladóttir lögmaður)

Mál þetta, sem var dómtekið 24. september 2020, var höfðað 19. nóvember 2019, af A, [...], gegn B, [...].

Stefnandi krefst þess að eftirfarandi ummæli stefnda í töluliðum 1 til 3 sem birtust 11. nóvember 2018 í athugasemdakerfum verði dæmd dauð og ómerk:

Við frétt D frá 17. október 2018:

1. „A, veistu, ég hef talað við margar konur sem hafa hitt þig og þær segja allar það sama, að þú sér augljóslega ofbeldismaður, því þú getir ekki séð konu án þess að sýna henni ógnandi tilburði.“
2. „... ég hef mínar upplýsingar frá fólki sem hefur engar ástæður til að gera út sögur um hann. Það er ekki fólk sem er í mínum femínistagrúppum, ekki einu sinni dóttir mín sem hefur verið þýðandi og túlkur fyrir [...] fyrrverandi eiginkonu; hún hefur ekki sagt orð um hann, nema að það kemur á hana viðbjóðsgretta þegar hún heyrir nafn hans nefnt. Ég hef mínar upplýsingar frá fólki sem hitti hann af tilviljun og þótti hann minnisstæður einmitt fyrir þetta. Kannski myndirðu þekkja hann fyrir allt annan mann værir þú kona.“

Við frétt á E frá 8. nóvember 2018:

3. „A, það eru engar dylgjur, það er algerlega klárt mál að þú ert ofbeldismaður.“

Þá krefst stefnandi þess að stefnda verði gert að greiða honum 2.000.000 króna í miskabætur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá því að mánuður er liðinn síðan stefna var birt og til greiðsludags. Jafnframt er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda eins og mál þetta væri eigi gjafsóknarmál.

Stefndi krefst aðallega sýknu, en til vara að fjárfrafa stefnanda verði lækkuð verulega. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnanda.

### *Helstu málsatvik*

Stefnandi er L og kom um tíma að rekstri F. Frá desember 2017 voru fluttar fréttir af forsjármáli stefnanda og [...] barnsmóður hans, en þau höfðu slitið samvistum í byrjun árs 2017 og áttu saman einn son. Þannig fjallaði miðillinn D hinn 23. desember 2017 um málefni stefnanda og barnsmóður hans undir fyrirsögninni „Föst í K vegna forræðisdeilu“. Umfjöllunin var byggð á viðtali við barnsmóður stefnanda og kom meðal annars fram að hún hefði orðið fyrir erfiðri lífsreynslu í ágúst 2017 þegar lögregla hefði barið að dyrum á heimili hennar í [...] og ætlað að fara með ungan son hennar í athvarf. Ástæða þessa hefði verið niðurstaða [...] dómstóls um að senda ætti drenginn til Íslands þar sem faðir hans byggði. Þá lýsti barnsmóðir stefnanda sambandi sínu við hann og tók meðal annars fram að stefnandi hefði „stjórnað öllu í mínu lífi, öllu“. Meðal undirfyrirsagna í viðtalinu var „Leitaði til vinkonu vegna andlegs ofbeldis“ og tók barnsmóðir stefnanda fram að hún hefði kært hann til lögreglu fyrir að brjóta á sér. Hefði hún ekki áttað sig á alvarleika málsins fyrr en hún hefði farið að vinna úr sambandinu í K. Þá var vísað til dagbókar konunnar þar sem finna mætti lýsingar á brotunum. Tekið var fram að stefnandi þverneitaði sök, segði barnsmóður sína örvæntingarfulla og að þessar ásakanir hefðu ekki komið fram við málarekstur sem varðaði son þeirra í [...]. Í viðtalinu var nánar fjallað um vanlíðan konunnar og meðal annars vikið að því sem hún lýsti sem hótunum stefnanda. Hinn 19. febrúar 2018 var gerð grein fyrir öðru viðtali við barnsmóður stefnanda á vefnum G undir fyrirsögninni: „Föst í K í sjö mánuði“, en fram kom að ástæðan væri sú að forræðisdeila hennar við íslenskan barnsföður hefði dregist á langinn. Meðal annars var vikið að töfum á málinu og því hversu kostnaðarsamur rekstur forræðismálsins hefði verið.

Hinn 10. mars 2018 var birt frétt á vefnum E undir fyrirsögninni „Við verðum örugglega kallaðir reiðir feður“. Fréttin var byggð á viðtali við stefnanda og fjóra aðra feður sem höfðu stigið fram sem hópur undir merkinu #M í því skyni að berjast fyrir réttindum barna til umgengni við feður sína og gegn tálmunum mæðra. Í viðtalinu var gerð grein fyrir markmiðum og fyrirætlan hópsins, einkum vilja til að bregðast strax við tálmunum á umgengni. Fram kom í fréttinni að barnsmóðir stefnanda dveldi í K með son þeirra og hefði lýst ofbeldi af hans hálfu í viðtali við D. Haft var eftir stefnanda að á meðan á málarekstri þeirra á milli hefði staðið í [...]hefði „engu ofbeldi [verið] logið upp á mig“, en að barnsmóðir hans hefði fengið nýjan lögfræðing hjá K og „allt í einu er ég orðinn ofbeldismaður á öllum sviðum, það er líkamlegt, andlegt og kynferðisofbeldi og samt neitar hún því hjá lækni. Hún er líka margsaga.“ Þá lýsti hann nánar sambandi þeirra og tók fram að barnsmóðir hans hefði borið upp á hann ofbeldi á samfélagsmiðlum og víðar, en hann hefði aldrei snert hár á höfði hennar og væri um að ræða „kómískan fáránleika“. Hún hefði drepið mannorð hans með þessum

yfirlýsingum og hann hygðist leggja fram kæru með sönnunargögnum um að hún færi með rangt mál.

Hinn 18. maí 2018 var birtur á miðlinum D pistill sem hafði verið saminn af barnsmóður stefnanda. Fyrirsögn pistilsins var „Neyðarkall til stjórnvalda“ og var einkum fjallað um dvöl hennar í K, forræðisdeilu hennar og stefnanda og tafir á málsmeðferðinni sem hún taldi stefnanda vísvitandi valda. Í athugasemdum við umrædda frétt var því meðal annars haldið fram af nafngreindum einstaklingi að næg gögn væru til um ofbeldi stefnanda. Stefnandi, sem ritaði ýmsar athugasemdir í umræðuþráð við pistilinn, tók meðal annars fram að ekki væru til nokkur gögn um ofbeldi af hans hálfu og hefði hann ekki beitt barnsmóður sína ofbeldi, en það hefði hún jafnframt staðfest í nýjustu skýrslu.

Hinn 17. október 2018 birti D frétt undir fyrirsögninni: „A kvartar undan „karlahatri“ og segir föður lagðan í einelti fyrir að hafa slegið barn“. Fram kom í fréttinni að stefnandi, sem væri L og einn af forsvarsmönnum M-hópsins, hefði sent stjórnendum J kvörtun vegna þess sem hann kallaði „karlahatur“ konu sem starfaði við skólann. Um væri að ræða vinkonu barnsmóður hans sem D hefði áður tekið viðtal við þegar hún hefði dvalið í K. Gerð var grein fyrir efni umrædds bréfs, sem stefnandi hafði sent stjórnendum J, sem og að stefnandi teldi fjölda kvenna hafa í samvinnu við D rústað mannorð karlanna sem berðust gegn umgengnistálmunum. Fjöldi athugasemda var ritaður við fréttina og kom þar meðal annars fram að stefnandi hefði hrakið konu sína í K. Stefnandi skrifaði sjálfur margar athugasemdir við fréttina, svo sem um að syni hans hefði verið haldið ólöglega í [...] af barnsmóður og að hún hefði haft uppi rangar sakargiftir um ofbeldi af hans hálfu. Í einni athugasemd sem birtist sagði: „Er það þannig sem þú sérð ekki að þú sért ofbeldismaður A af því að þú sagðir alltaf eitthvað sætt og varst með atlot þess á milli sem þú barðir hana?“ Stefnandi svaraði þessari athugasemd og kallaði viðkomandi eineltishrelli, auk þess sem hann tók meðal annars fram að umrædd vinkona barnsmóður hans hefði farið með lygar um hann.

Í þessu samhengi setti stefndi fram fyrstu ummælin sem krafist er ómerkingar á þegar hann ritaði: „A, veistu, ég hef talað við margar konur sem hafa hitt þig og þær segja allar það sama, að þú sér augljóslega ofbeldismaður, því þú getir ekki séð konu án þess að sýna henni ógnandi tilburði.“ Þessari athugasemd svaraði stefnandi með eftirfarandi hætti: „B Legðu nú einhver gögn fram máli þínu til stuðnings. Vissulega er hópur kvenna sem birtast í femínistaskjölunum, sem ég þekki ekki nokkurn skapaðan hlut, sem hafa verið tilbúnar að fullyrða að ég og fleiri menn séu ofbeldismenn. Ótrúlegt að til sé fólk sem sé tilbúið að fullyrða svona þvætting án þess að þekkja nokkuð til. Og svo kemur þú með kjaftasögurnar sem eru að gerjast í þessum hópi og setur fram svona rugl. [...] En samviska mín er hrein. Það versta sem

ég hef gert um ævina er að sýna konum áhuga á djamminu, en ég hef ekki verið að beita konur neinu ofbeldi. Það eru ljótar lygar. [...]“ . Þá ritaði maður sem þekkir stefnanda einnig athugasemd sem var beint til stefnda þar sem tekið var fram að um væri að ræða hreint og klárt slúður, sem og að hann gæti staðfest að stefnandi væri hvers manns hugljúfi og sómamaður. Stefndi svaraði þessari athugasemd með eftirfarandi ummælum sem jafnframt er krafist ómerkingar á: „ [...] ég hef mínar upplýsingar frá fólki sem hefur engar ástæður til að gera út sögur um hann. Það er ekki fólk sem er í mínum femínistagrúppum, ekki einu sinni dóttir mín sem hefur verið þýðandi og túlkur fyrir [...] fyrrverandi eiginkonu; hún hefur ekki sagt orð um hann, nema að það kemur á hana viðbjóðsgretta þegar hún heyrir nafn hans nefnt. Ég hef mínar upplýsingar frá fólki sem hitti hann af tilviljun og þótti hann minnisstæður einmitt fyrir þetta. Kannski myndirðu þekkja hann fyrir allt annan mann værir þú kona.“ Stefndi skrifaði í framhaldinu fjórar athugasemdir og benti meðal annars stefnda á að hætta að ráðast á manninn og skoða málefnið þar sem starfsmaður J hefði sett fram athugasemdir um mál sem hann tengdist ekki, á vinnutíma og með tölvupóstfangi skólans.

Hinn 8. nóvember 2018 var á vefnum E birt viðtal við H undir fyrirsögninni „Á mánudagskvöldinu voru fjögur sjálfsvíg sem áttu sér stað“. Þar var meðal annars fjallað um hærri sjálfsvígstíðni meðal karla en kvenna og velti viðmælandinn því fyrir sér hvort þetta tengdist eitthvað nútímafemínisma. Athugasemdir við fréttina hafa nú verið fjarlægðar, en lagt hefur verið fram afrit af hluta þeirra. Meðal athugasemdanna voru svohljóðandi ummæli stefnda sem krafist er ómerkingar á: „A, það eru engar dylgjur, það er algerlega klárt mál að þú ert ofbeldismaður.“ Þar áður hafði stefndi ritað: „Hvaða djöfulsins bull er þetta?“ og stefnandi ritað athugasemd þar sem meðal annars kom fram að stefndi hefði áður „tekið þátt í að dylgja um mig því kona sem hafði rænt barninu mínu sagði það. Svona vinna haturshóparnir ráðast að feðrum sem standa hallloka í forsjármálum [...]“. Við þessu hafði stefndi brugðist með svohljóðandi athugasemd sem var beint að stefnanda: „... ef eitthvað er, þá hefur SKORTUR Á FEMÍNISMA eittrað líf þessara karla, eins og það hefur eittrað líf þitt“. Stefndi svaraði með eftirfarandi athugasemd sem var beint til stefnda: „Væri afskaplega ánægjulegt að heyra þig útlista fyrir alþjóð því ofbeldi sem ég á að hafa beitt. Í raun finnst mér ég eiga kröfu á það þegar þú fullyrðir svona alvarlegar ásakanir.“

Með bréfi lögmanns stefnanda til stefnda 28. febrúar 2019 var því lýst yfir að í þeim þrennum ummælum sem nú er krafist ómerkingar á fælust ærumeiðingar og aðdróttanir. Stefnda var gefinn kostur á að draga ummælin til baka og biðja stefnanda afsökunar með opinberum hætti. Þá var krafist greiðslu 1.000.000 króna í miskabætur.

Með tölvubréfi stefnda 14. mars 2019 var kröfum stefnanda hafnað með vísan til málfrelsis.

## II

### *Helstu málsástæður og lagarök stefnanda*

Stefnandi byggir á því að með ummælum stefnda sem hafi verið birt opinberlega á internetinu hafi sér verið gefin að sök refsiverð háttsemi sem varði við XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, einkum 217., 218. og 218. gr. b, en slík brot geti varðað allt að 16 ára fangelsi.

Með fyrstu ummælunum hafi stefndi fullyrt að stefnandi væri ofbeldismaður og hefði beitt margar konur ofbeldi. Hafi þannig komið fram að stefnandi væri svo alvarlegur og mikill ofbeldismaður að hver einasta kona sem yrði á vegi hans yrði fyrir ofbeldi af hans hálfu og væri hann því hættulegur öllum konum. Með öðrum ummælunum hafi stefnandi fullyrt að hann hefði áreiðanlegar heimildir fyrir ásökunum sínum um ofbeldi í garð stefnda. Þá hafi verið ítrekaðar fyrri aðdróttanir um að allar konur sem yrðu á vegi stefnanda yrðu fyrir ofbeldi af hans hálfu. Það vekir athygli að stefnandi skuli hafa upplýst að dóttir hans hefði unnið sem þýðandi fyrir barnsmóður stefnanda á meðan á forsjármáli þeirra hefði staðið. Stefndi gefi í skyn að hann hafi haft aðgang að upplýsingum um stefnanda í gegnum dóttur sína um leið og hann fullyrði að stefnandi sé hættulegur ofbeldismaður. Með þriðju ummælunum hafi stefndi fullyrt að það væri algjörlega klárt mál að stefnandi væri ofbeldismaður. Þetta sé rangt og hafi stefnandi aldrei beitt neinn ofbeldi. Hann sé með hreinan sakaferil og hafi hvorki verið ákærður né dæmdur fyrir brot gegn hegningarlögum. Öll ummælin séu ósönn og um hreinan uppspuna að ræða.

Samkvæmt þessu hafi stefndi, sem þekki stefnanda ekki neitt og hafi aldrei hitt hann, haft uppi ærumeiðandi ummæli og aðdróttanir um stefnanda. Stefndi hafi nefnt fullt nafn stefnanda við hver ummæli. Í ummælunum felist fullyrðing um að stefnandi sé ofbeldismaður sem beiti konur ofbeldi og að það sé „algjörlega klárt mál“. Þannig sé fullyrt að stefnandi hafi gerst sekur um alvarlegt hegningarlagabrot og sé hættulegur maður. Raunar sé gengið svo langt að halda því fram að stefnandi sé hættulegur öllum konum sem á vegi hans verði. Þar að auki fullyrði stefndi að hann hafi traustar heimildir fyrir ásökunum sínum. Þessi ummæli eigi sér enga stoð í raunveruleikanum og séu til þess fallin að meiða æru stefnanda. Sé sérstaklega vítavert af stefnda að viðhafa þessi ummæli við fréttir vefmiðla sem séu meðal þeirra stærstu og víðlesnustu hér á landi. Sé um mun víðtækari dreifingu á ærumeiðandi aðdróttunum að ræða en t.d. ef einstaklingar deila stöðufærslu á sínu eigin svæði á samskiptaforritinu Facebook.

Lögð er áhersla á að það sé meðal grundvallarmannréttinda að hver sá sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi teljist saklaus uns sekt er sönnuð, sbr. 2. mgr. 70. gr.

stjórnarskrárinnar og 2. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Stefndi hafi svipt stefnanda þessum mannréttindum með því að úthrópa hann sem hættulegan ofbeldismann, enda þótt stefnandi hafi hvorki verið ákærður né dæmdur fyrir slíka háttsemi. Þetta hafi stefndi gert af ásetningi og feli öll ummælin í sér ásakanir um refsiverða og siðferðislega ámælisverða háttsemi. Sé því um að ræða ærumeiðandi aðdróttanir sem feli í sér brot gegn 234., 235. og 1. og 2. mgr. 236. gr. almennra hegningarlaga. Ummælin séu ósönn, tilhæfulaus og borin út gegn betri vitund. Vegið sé með ómaklegum hætti að æru og mannorði manns sem sé L, en lífsviðurværi hans sé undir mannorði hans komið. Með ummælum sínum hafi stefndi jafnframt brotið freklega gegn friðhelgi einkalífs stefnanda en æruvernd falli þar undir, sbr. 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. mannréttindasáttmálans. Beri því að ómerkja ummælin, sbr. 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga.

Þá séu ummæli stefnda staðhæfingar um staðreyndir fremur en gildisdómar, en samkvæmt dómaframkvæmd verði gildisdómar jafnframt að eiga sér viðunandi stoð í staðreyndum. Því sé ekki fyrir að fara og styðji hvorki gögn né framburður vitna staðhæfingar stefnda. Jafnframt er því mótmælt að varnir stefnda sem byggjast á þátttöku í þjóðfélagssumræðu eigi við rök að styðjast, en ummæli hans hafi aðeins beinst að einni manneskju og ekki átt nokkuð erindi til almennings. Ennfremur stoði ekki fyrir stefnda að halda því fram að hann hafi ekki verið fyrstur til að láta ummæli af þessu tagi falla um stefnanda, enda firri það hann ekki ábyrgð á orðum sínum.

Byggt er á því að æra og mannorð stefnanda hafi beðið verulegan hnekki og hafi F þar sem hann hafi starfað einnig orðið fyrir miklum skaða. Stefnandi hafi byggt upp orðspor sitt sem L í tólf ár og skipti mannorð hans miklu í ljósi starfsins. Hafi ærumeiðingar og aðdróttanir stefnda, sem og annarra aðila, vegið mjög að möguleikum stefnanda til að afla sér lífsviðurværis og afkomu enda vilji ekki margir kaupa barnabækur af „ofbeldismanni“. Þá hafi ummælin haft alvarlegar afleiðingar fyrir sjálfsmynd og líðan stefnanda, en hann sá atorkulaus og finni fyrir mikilli vanlíðan. Ummælin hafi einnig haft áhrif á tólf ára gamla dóttur stefnanda sem hafi lesið þau, auk þess sem foreldrar vinkvenna hennar hafi spurt stefnanda út í ummælin. Vegna vanlíðanar hafi stefnandi ekki getað skrifað nýja bók í tvö ár og þurfi að reiða sig á endurútgáfu eldri verka með tilheyrandi tekjutapi. Þá hafi F átt undir högg að sækja, enda hafi L verið hvattir til að leita annað og séu dæmi um að verkefni hafi verið færð til annarrar útgáfu. Stefndi hafi ekki aðeins tekið þátt í aðförum gegn stefnanda á internetinu heldur ýtt undir frekari árásir með afgerandi og alvarlegum ásökunum, sem og með meintum tilvísunum til heimilda sem virðist eiga að vera frásagnir kvenna. Stefnandi hafi nýverið hætt að starfa hjá F vegna ærumissis og verði erfitt fyrir hann að fá starf hjá öðrum vinnuveitanda. Í ummælunum felist ólögmet meingerð stefnda gegn stefnanda í skilningi b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr.

50/1993, 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. mannréttindasáttmálans. Hinar röngu og tilhæfulausu aðdróttanir hafi haft mikil áhrif á líf og líðan stefnanda, sem og fjölskyldu hans, og sé miski stefnanda hæfilega metinn til 2.000.000 króna.

### III

#### *Helstu málsástæður og lagarök stefnda*

Stefndi byggir á því að ummælin sem krafist er ómerkingar á séu vernduð af tjáningarfrelsisákvæði 73. gr. stjórnarskrárinnar og 10. gr. mannréttindasáttmálans. Því er mótmælt að stefndi hafi svipt stefnanda rétti sínum til að teljast saklaus uns sekt hans er sönnuð. Stefndi hafi ekki fullyrt að stefnandi hefði gerst sekur um hegningarlagabrot í fyrstu tvennum ummælunum. Í hinum þriðju felist ekki heldur ásökun í skilningi hegningarlaga þar sem hugtakið ofbeldismaður sé talsvert víðtækara en svo í nútímamáli. Byggt er á því að ákveðin gengisfelling hafi orðið á hugtakinu og sé til að mynda algengt að fólk kalli grófa umræðu sem feli í sér yfirgang og sýni vald ofbeldi. Þá hafi skattar reglulega verið kallaðir ofbeldi og sé ekki óalgengt að grænkerar kalli alætur ofbeldismenn vegna meðferðar og slátrunar dýra. Ummæli stefnda hafi ekki falið í sér ásökun um neina tiltekna háttsemi, en það eigi að leiða til sýknu. Því er alfarið mótmælt að stefndi hafi brotið gegn 234. gr., 235. gr. og 1. og 2. mgr. 236. gr., sbr. 241. gr., almennra hegningarlaga með ummælunum. Tekið er fram að tímafrestur stefnanda til þess að höfða einkarefsimál á þeim grundvelli sé löngu liðinn, sbr. 1. mgr. 29. gr. sömu laga. Skorti því lagaheimild fyrir takmörkun tjáningar stefnda og verði þegar af þeirri ástæðu að sýkna hann.

Jafnframt er byggt á því að ekki sé nauðsynlegt að takmarka tjáninguna í lýðræðissamfélagi eins og áskilið sé í 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt ítrekuðum dómafordæmum standist það ekki að meta ummælin einangrað og án þess að gætt sé að samhenginu í þeirri umræðu sem þau féllu í. Meta beri samhengi ummælanna í ýmsum skilningi. Í fyrsta lagi beri að meta þau í samhengi við almenna þjóðfélagssumræðu um stöðu og réttindi útlendinga á Íslandi, forsjardeilur og ætlað kynbundið ofbeldi gagnvart konum. Þjóðfélagssumræða um þau málefni hafi verið áberandi undanfarin ár og eigi umræða af þessu tagi sérstakt erindi til almennings, enda hluti af stjórn mála- og þjóðfélagssumræðu. Hafa beri í huga að ummælin hafi fallið eftir metoo-byltinguna svokölluðu. Í öðru lagi verði að meta ummælin í samhengi við umfjöllun um stefnanda sjálfan og forsjármál hans. Sú umræða hafi hafist um tæpu ári áður en ummælin féllu með frétt D í desember 2018. Hafi stefnandi sjálfur kosið að stíga fram og taka þátt í þeirri umræðu, sem og annarri sem á eftir fylgdi. Stefndi eigi bæði rétt á að hafa skoðun á ósamrýmanlegum málsástæðum stefnanda og barnsmóður hans sem fram höfðu komið í fjölmiðlum og til að tjá skoðun sína með vísan til heimilda. Í þriðja lagi verði að meta ummælin með hliðsjón af þeim tveimur fréttum sem þau tengdust, sem og þeirri umræðu um fréttirnar þar

sem ummælin voru látin falla, þar á meðal ummæli stefnanda sjálfs. Hvað varðar fyrstu og önnur ummælin hafi stefnandi gengið langt í fullyrðingum um að fréttáflutningur um sig fæli í sér lygar og sakað barnsmóður sína um rangar sakargiftir í athugasemdum við fréttina. Hafi þannig ummæli stefnanda sjálfs gefið stefnda tilefni til að setja fram ummæli sín, en stefndi hafi þekkt til málsins og barnsmóðir stefnanda hafi ekki sjálf getað varist ásökunum í ljósi tungumálakunnáttu hennar. Þá hafi stefndi gætt hófs í ummælum sínum. Hvað varðar þriðju ummælin verði að túlka þau í samhengi við fréttina og þær athugasemdir sem höfðu fallið í heild sinni. Í fjórða lagi verði að meta ummælin með hliðsjón af háttsemi stefnanda sjálfs og framkomu hans. Fréttáflutningur hafði framkallað viðbrögð almennings og hafi stefnandi sjálfur tekið virkan þátt í umræðunni, auk þess sem hann hafi átt frumkvæði að frekari umfjöllun um forræðismál sitt. Frekari framgangna stefnanda í fjölmiðlum og á umræðuþráðum á internetinu vegna umfjöllunar um réttindi fedra hafi einnig ýtt undir umræðu um málefni hans.

Lögð er áhersla á að ummæli stefnda séu liður í samfélagslegri umræðu um stöðu og réttindi útlendinga á Íslandi, forsjárdeilur og ætlað kynbundið ofbeldi gagnvart erlendum konum. Ummælin eigi því fullt erindi til almennings og verði að ljá umræðu sem þessari ríka vernd þar sem erlendar konur hafi veikari rödd en aðrir í samfélaginu. Þá sé það til marks um mikilvægi umræðunnar fyrir almenning að fjölmiðlar hafi ítrekað fjallað um mál stefnanda og forræðisdeilur almennt. Ritstjórnir ýmissa fjölmiðla hafi þannig talið að almenningur ætti rétt á að vera upplýstur um þetta málefni.

Jafnframt beri samkvæmt dómaframkvæmd að líta til þess í hvaða tilgangi og af hvaða tilefni ummæli hafi fallið. Á þeim tíma sem um ræðir hafi rannsókn staðið yfir vegna kæru barnsmóður stefnanda á hendur honum og forsjármál þeirra á milli verið rekið fyrir dómstólum. Ummæli stefnda hafi verið liður í stuðningi við málefni kvenna af erlendum uppruna og kvenna sem verða fyrir kynbundnu ofbeldi. Þau hafi verið viðhöfð í þeim tilgangi að vekja athygli á upplifun annarra sem stefndi þekki til af stefnanda, einkum þar sem stefnandi hafi neitað öllum ásökunum um ósæmilega háttsemi gegn konum í athugasemdum við viðkomandi fréttir, sett fram einhliða málflutning um forsjármál sitt og sakað barnsmóður sína um lygar sem og rangar sakargiftir. Hafi stefndi talið þörf á að bregðast við þessu.

Stefndi bendir á að ummæli hans séu ekki úr lausu lofti gripin, heldur eigi ályktanir hans sér stoð í staðreyndum og séu byggðar á skilningi hans á fjölmiðlaumfjöllun sem og frásögn annarra. Staðhæfingu stefnanda um að ummælin eigi sér „enga stoð í raunveruleikanum“ er mótmælt og vísar stefndi bæði til fyrri fréttuumfjöllunar og upplýsinga sem hann fékk frá öðrum sem þekktu til. Hafi meðal annars komið fram að barnsmóðir stefnanda hefði kært hann til lögreglu, sakað hann

um andlegt ofbeldi og dvalið í K. Þá hafi stefnandi sjálfur lagt fram skjal sem sýni vinkonu barnsmóður hans kalla hann „abusive“. Séu ályktanir stefnda þannig á engan hátt úr lausu lofti gripnar, heldur eigi þær sér stoð í staðreyndum. Þá hafi stefndi verið í góðri trú um sannleiksgildi frétttaflutningsins og mátt treysta því að um vandaða umfjöllun væri að ræða í samræmi við ritstjórnarstefnu miðlanna, sbr. 24. gr. og 1. mgr. 26. gr. fjölmiðlalaga nr. 38/2011. Þá er af hálfu stefnda vísað til tiltekinna ummæla í héraðsdómi þar sem leyst var úr forsjárdeilu stefnanda og barnsmóður hans, en stefndi telur þessi ummæli hafa verið til þess fallin að styðja ályktanir hans og gildisdóma.

Stefndi byggir einnig á því að í umræddum ummælum felist endursögn orðróms, en í dómaframkvæmd Hæstaréttar og Mannréttindadómstólsins hafi ítrekað verið fjallað um heimild til slíks. Þá séu ummælin ályktanir og gildisdómar sem honum hafi verið frjálst að hafa uppi. Mannréttindadómstóllinn hafi oft fjallað um aukna vernd gildisdóma sem teljist vera harkalegir og njóti gildisdómar um háttsemi sem mögulega megi fella undir refsilagaákvæði einnig verndar. Fyrri tvenn ummælin séu augljóslega gildisdómar og feli í sér endursögn þar sem stefndi taki berum orðum fram að um sé að ræða ályktun um það sem honum hafi verið kynnt. Hafi stefndi þannig sett fram fyrirvara þess efnis að um mat hans væri að ræða á aðstæðum og vísað til heimilda. Hafi lesendum þannig verið ljóst hvað fælist í reynd í ummælum hans. Áréttað er að stefndi hafi verið í góðri trú um sannleiksgildi ummæla sinna hvort sem þau verði talin staðhæfing um staðreyndir eða gildisdómur. Hann hafi einnig sýnt fram á tilefni ummælanna og á hverju þau hafi verið byggð, en á honum hvíli ekki rannsóknarskylda eða sönnunarbyrði hvað sannleiksgildi ummælanna varðar. Stefndi hafi ekki vegið að æru stefnanda frekar en hann hafi sjálfur gert með háttsemi sinni.

Lögð er áhersla á að stefndi sé ekki upphafsmaður opinberrar umræðu um hegðun stefnanda gagnvart konum og meint ofbeldi hans. Fjölmiðlar hafi áður fjallað um og nafngreint stefnanda og hann sjálfur ýmist tjáð sig eða neitað að tjá sig þar sem tilefni hefði verið til. Rúmlega hálfu ári áður en ummælin féllu hafi stefnandi raunar sjálfur notað orðið ofbeldismaður um sig þegar hann vísaði til lýsinga og ásakana barnsmóður sinnar gagnvart sér. Rýmki það tjáningarfrelsi stefnda, enda hafi verið um að ræða andsvör við umræðu. Horfa beri til þess að um hafi verið að ræða þátttöku í opinberri umræðu og endursögn stefnda á því sem fram hefði komið í fjölmiðlum. Ekki sé fyrir hendi knýjandi samfélagsleg þörf til að þagga niður ummæli stefnda, en það sé eitt skilyrði þess að til greina komi að fallast á kröfur stefnanda. Ekki sé heldur nein þörf á ómerkingu þriðju ummælanna þar sem þau og önnur eldri ummæli hafi þegar verið fjarlægð, að því er virðist af forsvarsmönnum fjölmiðilsins sjálfs.

Kröfu stefnanda um miskabætur er mótmælt, enda ekki uppfyllt skilyrði b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga. Þá séu 8. og 13. gr. mannréttindasáttmálans ekki

sjálfstæðar bótareglur. Því er mótmælt að stefnandi njóti ríkari mannröðsverndar en ella sem L þar sem neikvæð umfjöllun hafi áhrif á tekjumöguleika hans. Stefnandi hafi sjálfur valið sér starfsvettvang, komið sér í sviðsljósið og vakið athygli á forsjármáli sínu. Hafi stefnandi orðið fyrir tjóni geti stefndi í öllu falli ekki einn borið ábyrgð á því og orsakatengsl séu ekki fyrir hendi, en í því sambandi vísist til háttsemi stefnanda sjálfs og þátttöku hans í umræðunni. Því er sérstaklega mótmælt að orsakatengsl séu á milli ummæla stefnda og sölutjóns, ritstíflu eða meintrar sniðgöngu á verkum stefnanda. Líta verði til þess að margir hafi fjallað um málefni stefnanda, en telja verði mun líklegra að umfjöllun fjölmiðla og lýsingar barnsmóður stefnanda, þátttaka stefnanda í opinberri umræðu um umdeild málefni og önnur atriði en ummæli stefnda hafi átt þátt í meintu sölutapi hans. Fjárhæð kröfunnar er mótmælt sem of hárra að virtri dómaframkvæmd, auk þess sem ekki hafi verið rökstutt hvers vegna hún sé tvöföld í stefnu miðað við það kröfubréf sem var sent stefnda. Kröfu stefnanda um dráttarvexti er mótmælt, þar með talið hvað varðar upphafsdag sem skal samkvæmt 4. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu miðast við þingfestingardag en ekki stefnubirtingardag.

#### IV

##### *Niðurstæða*

#### A.

Í máli þessu er krafist ómerkingar á þrennum ummælum sem stefndi lét falla hinn 11. nóvember 2019. Fyrstu tvenn ummælin féllu sem athugasemdir í umræðuþræði við frétt miðilsins D frá 17. október 2019, en hin þriðju sem athugasemd í umræðuþræði við frétt sem var birt á vefnum E hinn 8. nóvember sama ár.

Stefnandi byggir á því að ummælin feli í sér ærumeiðandi aðdróttanir í hans garð og falli þær undir XXV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Beri því að dæma ummælin dauð og ómerk samkvæmt 241. gr. sömu laga. Stefndi byggir á því að ummælin njóti verndar tjáningarfrelsisákvæðis 73. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 10. gr. mannréttindasáttmálans, og að ekki séu uppfyllt skilyrði til takmarkana. Þá hafi hann verið í góðri trú og byggt ummæli sín, sem teljist til gildisdóma, á fréttaumfjöllun, sem og frásögnum annarra. Samkvæmt þessu vegast á réttur stefnanda til æruverndar, sem er þáttur í friðhelgi einkalífs, sbr. 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. mannréttindasáttmálans, og réttur stefnanda til tjáningarfrelsis sem heimilt er að takmarka vegna réttinda annarra enda teljist það nauðsynlegt í lýðræðisþjóðfélagi, sbr. 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar og 2. mgr. 10. gr. mannréttindasáttmálans.

Við úrlausn um það hvort ummæli stefnda teljist refsiverð móðgun eða aðdróttun í skilningi 234. og 235. gr. almennra hegningarlaga verður samkvæmt dómaframkvæmd Hæstaréttar og Mannréttindadómstólsins meðal annars að líta til þess samhengis sem ummælin voru sett fram í og meta þau heildstætt. Þá þarf að taka

afstöðu til þess hvort í tjáningunni hafi falist gildisdómur eða staðhæfing um tiltekna staðreynd, sem og hvort ummælin hafi átt sér stoð í gögnum eða falið í sér endursögn og stefndi verið í góðri trú um réttmæti þeirra. Meðal annarra atriða sem geta haft þýðingu er tilgangur stefnda með ummælunum, svo sem hvort þau hafi verið innlegg í þjóðfélagsumræðu og snúið að málefni sem varðaði almenning.

Stefndi hefur haldið því fram að það beri að sýkna hann þegar af þeirri ástæðu að tímafrestur stefnanda til að höfða einkarefsimál sé liðinn, sbr. 1. mgr. 29. gr. almennra hegningarlaga. Samkvæmt ákvæðinu fellur heimild til þess að höfða einkamál til refsingar niður sé mál ekki höfðað áður en sex mánuðir eru liðnir frá því að sá, sem heimildina hefur, fékk vitneskju um hinn seka. Í máli þessu er ekki gerð krafa um að stefnda verð gerð refsing, heldur eru kröfur stefnanda bundnar við ómerkingu ummæla og greiðslu miskabóta. Verður þegar af þessari ástæðu ekki fallist á þessar röksemdir stefnda.

## B.

Eins og rakið hefur verið að framan höfðu fjölmiðlar fjallað um forræðisdeilu stefnanda og [...] barnsmóður hans nokkru áður en þau ummæli sem krafist er ómerkingar á féllu. Sú umfjöllun hófst að frumkvæði barnsmóður stefnanda í desember 2017 og mátti skilja viðtalið við hana, sem var birt í D, með þeim hætti að stefnandi hefði beitt hana ofbeldi. Þá vakti stefnandi ásamt öðrum athygli á hóp sem stofnaður hefði verið til að berjast fyrir réttindum barna til umgengni við feður sína og gegn tálmunum mæðra í frétt sem var birt á vefnum E hinn 10. mars 2018. Við það tækifæri tók stefnandi fram að barnsmóðir hans hefði víða haldið því fram að hann hefði beitt hana ýmiss konar ofbeldi, en hann hefði aldrei snert hár á höfði hennar. Með birtingu pistils barnsmóður stefnanda á vef D hinn 18. maí 2018 kom hún á framfæri gagnrýni vegna tafa á rekstri forræðismáls hennar og stefnanda, sem og erfiðri stöðu hennar þar sem hún þyrfti að dvelja í K á meðan á málarekstrinum stæði. Í athugasemdum við pistilinn kom meðal annars fram að til væru gögn um ofbeldi stefnanda og brást hann við með því að rita athugasemd um að engin slík gögn væru til og hefði hann ekki beitt barnsmóður sína ofbeldi.

Um fimm mánuðum síðar eða 17. október 2018 var birt frétt á vef D í tilefni af kvörtun sem stefnandi hafði sent stjórnendum J. Fram kom í fréttinni að stefnandi hefði kvartað undan „karlahatri“ konu sem starfaði við skólann og væri vinkona barnsmóður hans. Fréttin varðaði ekki málefni stefnanda og barnsmóður hans, en þó var tekið fram að D hefði áður tekið viðtal við barnsmóðurina þegar hún hefði dvalið í K. Eins og rakið er að framan var fjöldi athugasemda ritaður við fréttina og tók stefnandi meðal annars fram að barnsmóðir hans hefði haft uppi rangar sakargiftir um ofbeldi af hans hálfu, auk þess sem hann hefði mátt þola lygar af hálfu vinkonu hennar. Það var í samhengi við þessa umfjöllun sem stefnandi lét fyrstu tvenn

ummælin sem krafist er ómerkingar á falla með ritun tveggja athugasemda í umræðuþráð við fréttina. Það virðist óumdeilt að ummælin hafi verið rituð 11. nóvember 2018 og að sama dag hafi stefndi ritað þriðju ummælin sem krafist er ómerkingar á. Þau voru rituð sem athugasemd í umræðuþræði við frétt á vefnum E þar sem birt hafði verið viðtal við konu sem velti því fyrir sér hvort hærri sjálfsvígstíðni meðal karla en kvenna tengdist nútímafemínisma. Ráðið verður af athugasemdum við fréttina að stefndi hafi talið hana fela í sér „bull“ og hafi stefnandi brugðist við með athugasemd þess efnis að stefndi hefði áður tekið þátt í að „dylgja“ um hann. Stefndi hafi þá tekið fram að skortur á femínisma hefði eittrað líf stefnanda og tók fram að þær væru „engar dylgjur“ og „algerlega klárt mál“ að stefnandi væri „ofbeldismaður“.

Sé litið til allra ummæla stefnanda að virtu því samhengi sem þau voru sett fram í, þar með talið öðrum athugasemdum í sama umræðuþræði, telur dómurinn ekki unnt að skilja þau öðruvísi en svo að því sé haldið fram að stefnandi beiti konur ofbeldi. Þá er bæði með fyrstu og öðrum ummælunum gefið í skyn að stefndi hafi áreiðanlegar heimildir fyrir þessu, en hann hafi rætt við margar konur og hafi „sínar upplýsingar“ meðal annars frá fólki sem hafði „engar ástæður til að gera út sögur um hann“. Með þriðju ummælunum gengur stefndi enn lengra og staðhæfir: „A, það eru engar dylgjur, það er algerlega klárt mál að þú ert ofbeldismaður.“ Samkvæmt þessu telur dómurinn að skilja verði ummælin, sem öll féllu sama dag, með þeim hætti að staðhæft sé að stefnandi hafi beitt og beiti konur ofbeldi, en slík háttsemi er refsiverð samkvæmt almennum hegningarlögum og telst verulega siðferðislega ámælisverð. Ekki er fallist á að stefndi hafi bundið staðhæfingar sínar fyrirvara, heldur verða tilvísanir hans til frásagna annarra fremur skildar þannig að hann hafi heimildir fyrir staðhæfingum sínum og var það til þess fallið að auka áreiðanleika ummælanna í huga lesandans. Að framangreindu virtu bera ummælin, eins og þau eru fram sett, fremur einkenni staðhæfinga um staðreyndir en gildisdóma. Hvað sem þessu líður skal tekið fram að gildisdómar sem eru ærumeiðandi, svo sem þar sem þeir tengjast ávirðingum um refsiverða háttsemi, þurfa jafnframt að eiga sér viðunandi stoð í staðreyndum máls eða gögnum sem veita vísbendingu um sannleiksgildi þeirra, sbr. til hliðsjónar dóm Mannréttindadómstólsins frá 7. nóvember 2017 í máli I gegn Íslandi, 52. mgr.

### C.

Eins og rakið hefur verið hafði átt sér stað nokkur umfjöllun í fjölmiðlum um forræðisdeilu stefnanda og barnsmóður hans, en barnsmóðir hans hafði meðal annars fjallað um tafir á málsmeðferð, erfiða stöðu sína og meint ofbeldi af hálfu stefnanda. Fallist er á að umfjöllun um rekstur forræðismála þar sem annar aðilinn er erlendur, sem og um kynbundið ofbeldi gegn konum, eigi erindi til almennings og teljist hluti af þjóðfélagsumræðu. Þá hafði stefnandi sjálfur tjáð sig um ásakanir barnsmóður sinnar og mótmælt þeim, en með því tók hann þátt í umfjöllun fjölmiðla um þetta. Hvað sem

Því líður telur dómurinn að við mat á ummælum stefnda, sem krafist er ómerkingar á, verði að horfa til þess að þeim var beint að stefnanda einum og var því haldið fram að hann væri ofbeldismaður án þess að stefndi tengdi ummælin við þá almennu umræðu um stöðu erlendra kvenna, forræðismál eða önnur málefni sem varða almenning og lögð er áhersla á í málsvörn hans. Þá getur sú staðreynd að stefnandi var sjálfur virkur í ritun athugasemda við umræddar fréttir, eins og hér er ástatt, ekki leyst stefnda undan þeirri ábyrgð sem hann ber að lögum á þeim ummælum sem hann birtir opinberlega.

Af hálfu stefnda hefur því ekki verið haldið fram að ávirðingar hans í garð stefnanda séu réttar. Það er enda ágreiningslaust að stefnandi hefur hvorki verið ákærður né dæmdur fyrir ofbeldisbrot eða önnur brot gegn almennum hegningarlögum. Aftur á móti hefur stefndi lagt áherslu á að hann hafi verið í góðri trú og að ummælin hafi í reynd verið endursögn á því sem áður hafi komið fram í fjölmiðlum. Hvað þetta varðar skal tekið fram að stefndi útskýrði ekki í aðilaskýrslu sinni fyrir dómi hvaða heimildir hefðu búið að baki staðhæfingum hans um að stefnandi hefði beitt konur ofbeldi. Svör hans hvað þetta varðar voru óljós og kaus hann að veita ekki upplýsingar um þær konur og fólk sem hann þó kvaðst hafa rætt við. Þá verður ekki ráðið af gögnum málsins að fram hafi komið í fjölmiðlaumfjöllun að stefnandi hefði gerst sekur um ofbeldi gegn konum. Í þeim efnun geta ekki skipt sköpum fyrrgreint viðtal við barnsmóður stefnanda þar sem hafðar voru eftir henni ávirðingar um ofbeldi eða ummæli annarra í athugasemdum við fréttir, enda gat stefndi ekki með réttu treyst því að það sem þar kom fram væri sannleikanum samkvæmt. Í því sambandi er einnig horft til þess að stefnanda mátti vera ljóst að virtum öðrum fréttum sem vörðuðu stefnanda og áður hafa verið raktar að hann mótmælti slíkum ásökunum sem röngum. Þá geta þær ályktanir um persónuleika stefnanda í héraðsdómi vegna forræðismáls hans og barnsmóður hans, sem stefndi hefur vísað til, ekki haft nokkra þýðingu. Dugar þar að nefna að með umræddum ályktunum var engu slegið föstu um ofbeldi af hálfu stefnanda, auk þess sem ekkert liggur fyrir um að stefndi hafi kynnt sér dóminn. Þá taldi Landsréttur að horfa bæri fram hjá umræddum ályktunum þar sem sérfróðir meðdómendur í héraði hefðu farið út fyrir hlutverk sitt. Samkvæmt framangreindu verður hvorki fallist á að ummæli stefnda hafi falið í sér endursögn þess sem fram hafði komið í fjölmiðlum né að stefndi hafi búið yfir vitneskju sem gat með réttu gefið honum tilefni til að láta ummælin falla.

Að öllu framangreindu virtu telur dómurinn að með hinum umdeildu ummælum hafi stefndi gengið lengra en tjáningarfrelsi hans heimilar honum og brotið gegn rétti stefnanda til friðhelgi einkalífs og æruverndar. Sé litið heildstætt til efnis þeirra ummæla sem um ræðir og þess samhengis sem þau voru sett fram í fólu þau í sér ærumeiðandi aðdróttanir í skilningi 235. gr. almennra hegningarlaga. Verður því

fallist á kröfu stefnanda um að ummælin verði ómerkt samkvæmt 241. gr. sömu laga. Hvað varðar þriðju ummælin skal tekið fram að jafnvel þó að þau kunni nú að hafa verið fjarlægð af hálfu forsvarsmanna miðilsins kemur það ekki í veg fyrir að stefnandi hafi lögvarða hagsmuni af ómerkingu þeirra með dómi.

#### D.

Stefnandi styður kröfu sína um miskabætur við b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga. Að virtri niðurstöðu dómsins um að stefndi hafi haft uppi ærumeiðandi aðdróttanir og þar með brotið gegn friðhelgi einkalífs stefnanda verður fallist á að hann eigi rétt til miskabóta úr hendi stefnda. Í aðilaskýrslu sinni fyrir dómi lýsti stefnandi þeim áhrifum sem ummæli stefnda, sem og ýmis önnur umfjöllun um málefni hans, hefðu haft á líðan hans. Fram kom að hann hefði ekki getað sinnt starfi sínu, hefði haft lítið starfsþrek og að hann hefði einangrað sig. Þá hefðu neikvæð ummæli um hann sem L haft sérlega mikil áhrif, en lögð hafa verið fram gögn sem bera með sér að fólk hafi verið hvatt til að eiga ekki viðskipti við stefnanda vegna laskaðs mannorðs hans. Ekki liggja fyrir önnur gögn um áhrif ummælanna á stefnanda, en dómurinn telur nægilega sýnt fram á að hinar ærumeiðandi staðhæfingar um ofbeldi af hans hálfu sem settar voru fram án fyrirvara hafi valdið honum umtalsverðum miska. Við ákvörðun fjárhæðar miskabóta er auk framangreinds litið til þess að ummælin voru sett fram sem athugasemdir við fréttir víðlesinna fjölmiðla og voru öllum sem lásu fréttirnar aðgengilegar. Einnig ber að líta til þess að ýmsir aðrir einstaklingar en stefndi hafa viðhaft ummæli af svipuðum toga um stefnanda og telur hann þau jafnframt hafa skaðað æru sína. Hafa stefnanda nú þegar verið dæmdar miskabætur vegna ærumeiðandi aðdróttana annars einstaklings sem fólust meðal annars í athugasemdum við frétt D frá 17. október 2018, sbr. dóm Héraðsdóms Reykjavíkur frá 12. maí 2020 í máli nr. E-6880/2019. Að öllu þessu virtu, sem og með hliðsjón af dómaframkvæmd, þykja miskabætur hæfilega ákveðnar 250.000 krónur. Fallist er á kröfu stefnanda um að fjárhæðin beri dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 19. desember 2019, þegar mánuður var liðinn frá birtingu stefnu, sbr. 9. gr. laganna.

Að virtum úrslitum málsins verður stefnda gert að greiða 900.000 krónur í málskostnað sem rennur í ríkissjóð. Stefnandi nýtur gjafsóknar í málinu samkvæmt gjafsóknarleyfi frá 10. maí 2019 og greiðist allur kostnaður vegna þess, þar með talin þóknun lögmanns hans sem þykir hæfilega ákveðin 900.000 krónur, úr ríkissjóði.

Ásgerður Ragnarsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

#### **D Ó M S O R Ð :**

Ummæli í kröfuliðum 1–3 í stefnu sem stefndi, B, lét falla 11. nóvember 2018, eru ómerkt, en þau eru:

1. „A, veistu, ég hef talað við margar konur sem hafa hitt þig og þær segja allar það sama, að þú sér augljóslega ofbeldismaður, því þú getir ekki séð konu án þess að sýna henni ógnandi tilburði.“
2. „... ég hef mínar upplýsingar frá fólki sem hefur engar ástæður til að gera út sögur um hann. Það er ekki fólk sem er í mínum femínistagrúppum, ekki einu sinni dóttir mín sem hefur verið þýðandi og túlkur fyrir [...] fyrrverandi eiginkonu; hún hefur ekki sagt orð um hann, nema að það kemur á hana viðbjóðsgretta þegar hún heyrir nafn hans nefnt. Ég hef mínar upplýsingar frá fólki sem hitti hann af tilviljun og þótti hann minnisstæður einmitt fyrir þetta. Kannski myndirðu þekkja hann fyrir allt annan mann værir þú kona.“
3. „A, það eru engar dylgjur, það er algerlega klárt mál að þú ert ofbeldismaður.“

Stefndi greiði stefnanda, A, 250.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 19. desember 2019 til greiðsludags.

Stefndi greiði 900.000 krónur í málskostnað sem renni í ríkissjóð.

Allur gjafsóknarkostnaður stefnanda, þar með talin málflutningsþóknun lögmanns hans, Söru Pálsdóttur, 900.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Ásgerður Ragnarsdóttir